

- 10 d. Skattheimta skv. II. kafla laganna kemur eigi til framkvæmda fyrr en 1. apríl
22. marz 1960, og er frestað til sama tíma afnámi III. kafla laga nr. 100/1948 með síðari breytingum, sbr. 4. gr. laga nr. 67/1959 að því er varðar söluskatt af innlendra framleiðslu og þjónustu o. fl., enn fremur er frestað til sama tíma afnámi 13. gr. laga nr. 4/1960.

Ákvæði síðasta málslíðar 28. gr. gilda einnig um gjöld skv. bráðabirgða-ákvæðinu í þessum staflið.

- e. Hafi verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu fyrir gildistöku laga þessara, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, og sala eða afhending sams konar vöru, vinnu eða þjónustu verður skattskyld samkvæmt lögum þessum, þá skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar söluskattinum, nema sannað sé, að skatturinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

Gjört að Bessastöðum, 22. marz 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

11

18. febr.

AUGLÝSING

um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Sovétríkjanna.

Hinn 23. janúar 1960 var undirritaður í Moskva bókun um gagnkvæmar vöru-afgreiðslur frá Íslandi og Sovétríkjunum á árunum 1960—1962. Byggist samkomulagið á viðskipta- og greiðslusamningi Íslands og Sovétríkjanna frá 1. ágúst 1953 (Stj.tíð. A 51/1953), sem skal halda gildi sínu til 31. desember 1962, en gildistíminn getur framlengzt eins og ákveðið er í 13. grein hans.

Í samkomulaginu og vörulistunum, sem því fylgja, er gert ráð fyrir, að árlega verði flutt út næstu 3 árin til Sovétríkjanna 30000—32000 tonn af freðfiski, 1200 tonn af saltsíld, svo og fryst síld, ull og gærur. Enn fremur ýmsar vörur, þar á meðal ullarteppi og úlpur fyrir 6 milljónir króna. Helztu útflutningsvörur frá Sovétríkjunum verða brennsluoliur, benzin, antrasít og koks, vélar og tæki, bifreiðar og bifreiðavarahlutir, steypustyrktarjárn og aðrar járn- og stálvörur, gaspípur, jarðstrengir, aluminiumvörur, timbur, ýmsar kornvörur og aðrar vörur fyrir 6 milljónir króna.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 19. febrúar 1960.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.